

Prófgreinar í síðari hluta embættisprófs eru þessar:

- I. Kröfu- og hlutaréttur.
- II. Sjó- og félagaréttur.
- III. Refsiréttur.
- IV. Stjórnarfarsréttur.
- V. Réttarfar.
- IV. Raunhæft verkefni, þar sem til úrlausnar koma atriði úr sem flestum fyrrnefndum prófgreinum, bæði í fyrra og síðara hluta embættisprófs, nema V. og VI. grein fyrra hluta.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í I., III. og V. prófgrein, en aðeins munnlegt í II. og IV. prófgrein, og skriflegt í VI. prófgrein.

Kandidatar mega hafa allt að 6 klukkustundum til skriflegrar úrlausnar í prófgrein hverri, bæði í fyrra og síðari hluta embættisprófs.

Áður en kandiðatinn segir sig til síðari hluta prófsins, skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvískusamlega tekið þátt í æfingum í bókhaldi, vélritun og lögfræðilegri skjalaritun. Ennfremur skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi unnið á lögfræðiskrifstofu undir handleiðslu lögfræðings með embættisprófi um a. m. k. tveggja mánaða skeið.

Þetta tilkynnist öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 5. marz 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

48

7. marz

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunnjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 5. f. m., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Amaliuborg, 7. marz 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.